

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 307/2015

2017/EES/64/13

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ryksugna <sup>(3)</sup>.
- 4) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011):  
„4n. **32013 R 0665**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna (Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 6d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 327/2011):  
„eins og henni var breytt með:  
- **32013 R 0666**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 24).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 6h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014):  
„6i. **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna (Stjtið. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).  
6j. **32013 R 0666**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ryksugna (Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 24).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1.<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 24.

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við 8. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008):

„- **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 (Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).“

5. Eftirfarandi er bætt við 12. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009):

„eins og henni var breytt með:

- **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 (Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11m (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 626/2011):

„11n. **32013 R 0665**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna (Stjttíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1) <sup>(1)</sup>

1) Einungis skráð hér í upplýsingaskyni. Hvað beitingu varðar er vísað til II. viðauka, Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 26e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 327/2011):

„eins og henni var breytt með:

- **32013 R 0666**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 (Stjttíð. ESB L 192, 25.5.2013, bls. 24).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 26i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014):

„26j. **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun tölva og netþjóna (Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).

26k. **32013 R 0666**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun ryksugna (Stjttíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 24).“

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við 31. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008):

„- **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 (Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).“

5. Eftirfarandi er bætt við 35. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009):

„eins og henni var breytt með:

- **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 (Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 617/2013, (ESB) nr. 665/2013 og (ESB) nr. 666/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.